

Aðalfundur Samtaka um sárameðferð
haldinn í Háskólanum á Akureyri,
föstudaginn 17.mars kl. 13-16.

1. Fundur settur.

Karl Logason formaður setti fundinn og stakk upp á Hafðísi Skúladóttur, lektor við HA sem fundarstjóra og Guðbjörgu Pálsdóttur sem ritara. Samþykkt.

2. Skýrsla formanns.

Karl Logason flutti skýrslu formanns og sagði frá því helsta sem gerðist á liðnu starfsári samtakanna.

- Einn stjórnarmaður úr SumS sótti ráðstefnu EWMA í Stuttgart í Þýskalandi í september síðastliðinn, sem fulltrúi SumS. SumS borgaði flugfar fyrir viðkomandi.
- Sagt var frá haustráðstefnu SumS 28.október s.l. Ráðstefnuna sóttu 150 manns og þótti ráðstefnan takast með ágætum
- Karl benti á heimasíðu SumS og hvatti fólk til að skoða hana.

3. Reikningar lagðir fram.

Már Kristjánsson, gjaldkeri, fór yfir reikninga sem þegar höfðu verið skoðaðir af skoðunarmönnum reikninga SumS, þeim Ástu Thoroddsen og Einar Hjaltasyni. Reikningar voru samþykktir án athugasemda. Samtökin standa fjárhagslega nokkuð vel.

4. Lagabreytingar.

Engar tillögur að breytingum á lögum lágu fyrir. Lögin eru því óbreytt.

5. Kosning stjórnar.

Í lögum SumS kveður á um að Stjórnarmeðlimir séu kosnir til tveggja ára í senn; formaður og tveir stjórnarmenn annað árið og tveir stjórnarmenn hitt árið. Öll stjórnin var kosin ný á síðasta aðalfundi sem var sá fyrsti í sögu SumS. Stjórnin hefur ákveðið að formaður og tveir stjórnarmenn sitji áfram til næsta árs og tveir stjórnarmenn valdir nú til næstu tveggja ára. Formaður gerði að tillögu sinni að Jóna Kristjánsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir yrðu nú kosnar til tveggja næstu ára og formaður, Már Kristjánsson og Herborg Ívarsdóttir verði kosin til eins árs. Var það samþykkt athugasemdalaust. Elín Ólafsdóttir og Hanna Þórarinsdóttir gefa kost á sér áfram sem varamenn, samþykkt einróma. Ásta Thoroddsen og Einar Hjaltason gefa kost á sér áfram sem skoðunarmenn reikninga, samþykkt.

6. Árgjald ákveðið.

Borin upp tillaga um árgjald félagsmanna annars vegar og styrktaraðila hins vegar verði áfram óbreytt fyrir árið 2006, eða 2000 krónur fyrir félagsmenn og 50.000 krónur fyrir styrktaraðila. Samþykkt.

7. Önnur mál.

- Karl Logason sagði frá að ákveðið hefði verið að stofna styrktarsjóð SumS með það að markmiði að styrkja rannsóknir á sviði sárameðferðar á Íslandi. Ákveðið hefur verið að veita tvo styrki að upphæð 100 þúsund krónur hvor á þessu ári. Nánar verður tilkynnt um fyrirkomulag þeirra á heimasíðu SumS.
- Jóna kynnti aðild að Samtökum um sárameðferð og hvaða kosti það hefur í för með sér að vera aðili.

8. Aðalfundi slitið klukkan 14.00.

Hlé var gert að loknum aðalfundi og bornar fram kaffiveitingar. Styrktaraðilar Sums með vörusýningar sem áhugavert var að skoða.

Eftir kaffihlé voru haldin þrjú fræðsluerindi:

- Jón Eyjólfur Jónsson, öldrunarlæknir, hélt erindi um húðvandamál og sár hjá öldruðum.
- Linda Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur, hélt erindi um hreinsun bráðasára.
- Guðbjörg Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur, hélt erindi um mat og meðferð langvinnra sára.

Þess skal getið að fræðsluerindin eru á heimasíðu SumS undir Fræðslufni.

Dagskrá lokið klukkan 16.00.
Guðbjörg Pálsdóttir ritari.